# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

**Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.**
**Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Veffang: http://lagabirting.is**
**ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)**
**ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)**
**Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.**

**Nr. 97 96. ár** **Miðvikudaginn 16. júlí 2003**

# Laust starf

Dómsmálaráðherra, samkvæmt tillögu dómstólaráðs, auglýsir laust til setningar embætti héraðsdómara við héraðsdóm Reykjavíkur, frá 15. september 2003 til 30. júní 2004, meðan á leyfi skipaðs dómara stendur.

Umsóknir berist dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Arnarhváli, eigi síðar en 25. júlí 2003.

*Sú regla gildir hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess að hafa skal í heiðri jafnrétti kynjanna við stöðuveitingar. Umsóknir þar sem umsækjandi óskar nafnleyndar verða ekki teknar gildar.*

**Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,**
7. júlí 2003.

(9061

# Stefnur

**Lánasjóður íslenskra námsmanna,**
**kt. 710169-0989,**
**Höfðaborg, Borgartúni 21,**
**Reykjavík**

gerir kunnugt: Að sjóðurinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Hild Dehuvyne, kt. 231258-7449, með óþekkt lögheimili í Bandaríkjunum, Guðmundi Sigurði Jónassyni, kt. 160157-3729, með óþekkt lögheimili í Danmörku og Adam Iapheth David, kt. 040260-7579 óstaðsettum í hús, til greiðslu neðangreindar skuldar:

Að stefnda Hild Dehuvyne verði dæmd til að greiða heildarkröfu stefnanda að fjárhæð samtals kr. 2.424.785 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987, af kr. 34.053 frá 1. mars 2000 til 1. mars 2001, þá af kr. 69.520, frá þeim degi til 1. júlí 2001, þá samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 af kr. 69.520 frá þeim degi til 1. september 2001, þá af kr. 214.265 frá þeim degi til 1. mars 2002, þá af kr. 252.789 frá þeim degi til 1. september 2002, þá af kr. 450.038 frá þeim degi til 1. mars 2003, þá af kr. 489.336 frá þeim degi til 5. maí 2003, og loks af kr. 2.424.785 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er og krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól skv. 12. gr. gildandi vaxtalaga á hverjum tíma, nú lög nr. 38/2001, á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 1. mars 2001.

Að stefndi Guðmundur Sigurður verði dæmdur til að greiða pro rata 49,26% skuldarinnar in solidum með stefndu Hild samtals kr. 1.194.449 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987, af kr. 16.774 frá 1. mars 2000 til 1. mars 2001, þá af kr. 34.245, frá þeim degi til 1. júlí 2001, þá samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 af kr. 34.245 til 1. september 2001, þá af kr. 105.546 frá þeim degi til 1. mars 2002, þá af kr. 124.523 frá þeim degi til 1. september 2002, þá af kr. 221.688 frá þeim degi til 1. mars 2003, þá af kr. 241.047 frá þeim degi til 5. maí

# Auglýsing

## um mat á umhverfisáhrifum – úrskurður Skipulagsstofnunar

*Arnarnesvegur, Reykjanesbraut – Breiðholtsbraut og tengibraut um Hörðuvelli.*

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Fallist er á, lagningu Arnarnesvegar, Reykjanesbraut – Breiðholtsbraut og tengibrautar um Hörðuvelli eins og henni er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila.

Úrskurðurinn í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Úrskurðinn er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

Úrskurð skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 13. ágúst 2003.

**Skipulagsstofnun.**

9140)

# Auglýsing

## um deiliskipulag í Túnahverfi á Hvammstanga

Samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með lýst eftir athugasemdum við tillögu að deiliskipulagi Túnahverfis á Hvammstanga. Uppdrættir og greinargerð munu liggja til sýnis á skrifstofu Húnaþings vestra, Klapparstíg 4 á Hvammstanga, frá 16. júlí 2003 til 13. ágúst 2003. Athugasemdum skal skila til skrifstofu Húnaþings vestra fyrir 28. ágúst 2003 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

Sveitarstjóri Húnaþings vestra,
**Skúli Þórðarson.**

8585)

# Auglýsing

## um tillögu að breytingu á aðalskipulagi og um deiliskipulag á Grenivík

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi á Grenivík í Grýtubakkahreppi 1987-2007 samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin felst í því, að syðri lóðarmörk fyrir svæði 5 „Leikskóli“ verði færð norður og nýtt svæði sunnan leikskóla ásamt svæði 14 „íbúðir fyrir aldraða“ við Lækjarvelli og Miðgarða verði íbúðarbyggð við Lækjarvelli.

Einnig er auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum til kynningar tillaga að deiliskipulagsáætlun við Lækjarvelli á Grenivik.

Skipulagsuppdrættir ásamt greinargerðum eru til sýnis á skrifstofu Grýtubakkahrepps, Gamla skólanum, Grenivík frá 16. júlí 2003 til 13. ágúst 2003. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefin kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Athugasemdum skal skila á skrifstofu Grýtubakkahrepps, Gamla skólanum, Grenivík fyrir 28. ágúst 2003 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

**Sveitarstjóri Grýtubakkahrepps.**

9145)

# Nauðungarsölur

## Siglufjörður

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Gránugötu 4-6, Siglufirði, mánudaginn 25. ágúst 2003 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Aðalgata 16, 50% eignar 9168) | Ólafur Magnússon | Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 88.231 |
| Gránugata 25, fiskverkunarhús 9169) | Daníel P. Baldursson | Byggðastofnun | 4.141.691 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Hafnartún 18 | Guðmundur Jón Skarphéðinsson | PÁ bókhaldsþjónusta ehf. | 207.989 |
| 9170) | | | |
| Hávegur 24 fastanr. 213-0344 | Björn Sigurður Ólafsson | Sýslumaðurinn á Siglufirði | 94.530 |
| 9171) | | | |
| Hávegur 9 0201 | Hörður Bjarnason | Íbúðalánasjóður og sýslumaðurinn á Siglufirði | 97.442 |
| 9172) | | | |
| Hólavegur 17b | Sigurgeir Hrólfur Jónsson | Lífeyrissjóður Norðurlands | 6.439.101 |
| 9173) | | | |
| Hólavegur 36, 0201, fastanr. 213-0453, 50% eignar | Gylfi Pálsson | Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 327.088 |
| 9174) | | | |
| Hvanneyrarbraut 56, kjallaraíbúð | Vilmundur Ægir Eðvarðsson | Íslandsbanki hf., útibú 526 | 1.437.785 |
| 9175) | | | |
| Lækjargata 2 | Siglókjör ehf. | Nathan og Olsen hf. | 610.189 |
| 9176) | | | |
| Norðurgata 11, 2. hæð t.h. | Hans Þorvaldsson | Íslandsbanki hf. og Sparisjóður Siglufjarðar | 2.283.876 |
| 9177) | | | |
| Norðurgata 12, 50% eignar | Adolf Árnason | Sesselja Salóme Tómasdóttir | 191.276 |
| 9178) | | | |
| Norðurgata 13, 1. hæð t.h. | Jón Aðalsteinn Hinriksson | Sýslumaðurinn á Siglufirði | 41.932 |
| 9179) | | | |
| Snorragata 3 | Björn Sigurður Ólafsson og Kjartan Smári Ólafsson | Sýslumaðurinn á Siglufirði | 78.789 |
| 9180) | | | |
| Suðurgata 28, 50% eignar | Haraldur Björnsson | D&T endurskoðun ehf. | 69.586 |
| 9181) | | | |
| Suðurgata 57, neðri hæð 50% eignar | Filippía Ásrún Eðvardsdóttir | Íslandsbanki hf., útibú 526 | 1.437.785 |
| 9182) | | | |
| Vetrarbraut 17 010101 fastanr. 213-1018 | Siglókjör ehf. | Nathan og Olsen hf. | 599.889 |
| 9183) | | | |

Siglufirði, 8. júlí 2003.
Sýslumaðurinn á Siglufirði,
**Guðgeir Eyjólfsson.**

2003, og loks af kr. 1.194.449 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er og krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól skv. 12. gr. gildandi vaxtalaga á hverjum tíma, nú lög nr. 38/2001, á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 1. mars 2001.

Að stefndi Adam Iapheth verði dæmdur til að greiða pro rata 50,75% skuldarinnar in solidum með stefndu Hild samtals kr. 1.230.577 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987, af kr. 17.282 frá 1. mars 2000 til 1. mars 2001, þá af kr. 35.281, frá þeim degi til 1. júlí 2001, þá samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 af kr. 35.281 til 1. september 2001, þá af kr. 108.739 frá þeim degi til 1. mars 2002, þá af kr. 128.289 frá þeim degi til 1. september 2002, þá af kr. 228.393 frá þeim degi til 1. mars 2003, þá af kr. 248.337 frá þeim degi til 5. maí 2003, og loks af kr. 1.230.577 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er og krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól skv. 12. gr. gildandi vaxtalaga á hverjum tíma, nú lög nr. 38/2001, á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 1. mars 2001

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk álags er nemi virðisaukaskatti af honum in solidum úr hendi allra stefndu.

*Málflutningsumboð:* Björn L. Bergsson hrl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu Hildar er hún tók hjá stefnanda en þau voru tryggð með sjálfskuldarábyrgð stefnda Guðmundar Sigurðar sem er í ábyrgð fyrir 49,26% skuldarinnar og Hartmanns Bragasonar, kt. 080854-2939, sem var í ábyrgð fyrir 50,74% skuldarinnar. Þann 27. nóvember 1998 yfirtók Adam Iapheth David, kt. 040260-7579, ábyrgð Hartmanns sbr. dskj. nr. 9-11. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfa árin 1989 til 1991 en númer þeirra og upphafleg fjárhæð er eftirfarandi: T-232483 kr. 188.968, T-201995 kr. 688.476, T-143253 kr. 601.216, T-149333 kr. 184.677 og T-152141 kr. 21.590. Að námi loknu voru veitt námslán sameinuð og gefið nýtt sameiginlegt númer S-960576. Vegna verulegra vanskila allt frá gjalddaga lánsins þann 1. mars 2000 er það allt gjaldfellt samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 72/1982, með ákvörðun stjórnar stefnanda þann 5. maí 2003. Nánari sundurliðun gjaldfallinna afborgana og eftirstöðva er sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2000 | kr. | 34.053 |
| Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2001 | kr. | 35.467 |
| Gjaldfallin afborgun þann 1. september 2001 | kr. | 144.745 |
| Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2002 | kr. | 38.524 |
| Gjaldfallin afborgun þann 1. september 2002 | kr. | 197.249 |
| Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2003 | kr. | 39.298 |
| Gjaldfelldar eftirstöðvar þann 5. maí 2003 | kr. | 1.935.449 |
| Samtals dómkrafa | **kr.** | **2.424.785** |

Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og er því málsókn þessi óhjákvæmileg. Stefnda Hild Dehuvyne hefur verið búsett í Bandaríkjunum frá 2. júlí 1996 og er dvalarstaður hennar þarlendis óþekktur, sbr. dskj. nr. 12. Stefndi Guðmundur Sigurður hefur verið búsettur í Danmörku frá 6. júlí 2000 og er dvalarstaður hans þarlendis sömuleiðis óþekktur, sbr. dskj. nr. 13. Stefndi Adam Iapheth er samkvæmt upplýsingum frá þjóðskrá óstaðsettur í hús, sbr. dskj. nr. 14. Af þeim sökum er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði með vísan til a liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Lagarök:* Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga og lögum nr. 72/1982, einkum 11. gr. Kröfur um vexti og vaxtavexti styðjast við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 sem og III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti er tóku gildi 1. júlí 2001 en krafa um málskostnað við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og er því nauðsyn á að fá dæmt álag úr hendi gagnaðila sem þeirri fjárhæð nemur.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Greiðsluyfirlit.
4.-8. Skuldabréf.
9.-11. Yfirlýsing um ábyrgðarmann.
12. Vottorð Hagstofu Íslands dags. 6. mars 2003.
13. Vottorð Hagstofu Íslands dags. 7. mars 2003.
14. Vottorð Hagstofu Íslands dags. 21. maí 2003.
15. Afrit birtingar í Lögbirtingablaði.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með Hild Dehuvyne, kt. 231258-7449, með óþekkt lögheimili í Bandaríkjunum, og Guðmundi Sigurði Jónassyni, kt. 160157-3729, með óþekkt lögheimili í Danmörku, og Adam Iapheth David, kt. 040260-7579, óstaðsettum í hús til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík þann 2. september 2003 kl. 10.00 er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og dóm að þola. Verði ekki mætt af hálfu stefndu má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 5. maí 2003
f.h. Björns L. Bergssonar hrl.
**Bergþóra Ingólfsdóttir** lögfr.

(7874

**Lánasjóður íslenskra námsmanna,**
**kt. 710169-0989,**
**Höfðaborg, Borgartúni 21,**
**Reykjavík.**

gerir kunnugt: Að sjóðurinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur

Andrési Eiríkssyni, kt. 311257-6099, með óþekkt lögheimili á Írlandi, til greiðslu skuldar samtals að fjárhæð kr. 5.795.992 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987, af kr. 31.840 frá 1. mars 1998 til 1. september 1998, þá af kr. 38.798 frá þeim degi til 1. mars 1999, þá af kr. 71.038 frá þeim degi til 1. september 1999, þá af kr. 185.024 frá þeim degi til 1. mars 2000, þá af kr. 219.077 frá þeim degi til 1. september 2000, þá af kr. 347.146 frá þeim degi til 1. mars 2001, þá af kr. 382.613 frá þeim degi til til 1. júlí 2001, þá skv. III. kafla laga nr. 38/2001 af kr. 382.613 frá þeim degi til 1. september 2001, þá af kr. 759.081 frá þeim degi til 1. mars 2002, þá af kr. 797.605 frá þeim degi til 1. september 2002, þá af kr. 1.143.137 frá þeim degi til 1. mars 2003, þá af kr. 1.185.435 frá þeim degi til 28. apríl 2003 og loks af kr. 5.795.992 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er og krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól skv. 12. gr. gildandi vaxtalaga á hverjum tíma, nú lög nr. 38/2001, á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 1. mars 1999. Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk álags er nemi virðisaukaskatti af honum úr hendi stefnda. Allt að frádregnum kr. 364.759.

*Málflutningsumboð:* Björn L. Bergsson hrl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Krafa stefnanda er vegna námslána stefnda er hann tók hjá stefnanda en þau voru tryggð með sjálfskuldarábyrgð Eiríks Ólafssonar, sem er látinn. Erfingjum Eiríks er ekki stefnt að svo stöddu. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfa árin 1982 til 1984 en númer þeirra og upphafleg fjárhæð er eftirfarandi: T-2628 kr. 26.400, T-4658 kr. 18.600, T-16037 kr. 64.920, T-19143 kr. 38.010, T-25184 kr. 36.300, T-25185 kr. 25.100, T-26990 kr. 16.600, T-30561 kr. 51.900, T-39721 kr. 53.700, T-46074 kr. 23.000, T-46931 kr. 48.200, T-46353 kr. 52.300, T-53740 kr. 78.500, T-59382 kr. 42.000, T-65716 kr. 72.500, T-70739 kr. 27.222, T-70740 kr. 22.832, T-71207 kr. 47.870, T-76291 kr. 77.714, T-98800 kr. 84.551, T-86826 kr. 69.652, T-86827 kr. 42.534, T-89574 kr. 76.600, T-92992 kr. 81.915, T-96598 kr. 26.479, T-103454 kr. 84.342, T-110526 kr. 81.131, T-117241 kr. 241.728, T-125334 kr. 118.459, T-128040 kr. 113.997, T-135236 kr. 103.064, T-136298 kr. 49.853, T-138875 kr. 286.474, T-144433 kr. 2.978, T-167788 kr. 117.034 og T-169775 kr. 55.599. Að námi loknu voru veitt námslán sameinuð og gefið nýtt sameiginlegt númer S-942968. Vegna verulegra vanskila allt frá gjalddaga lánsins þann 1. mars 1998 er það allt gjaldfellt samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 72/1982, með ákvörðun stjórnar stefnanda þann 28. apríl 2003. Nánari sundurliðun gjaldfallinna afborgana og eftirstöðva er sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 1998 | kr. | 31.840 |
| Gjaldfallin afborgun þann 1. september 1998 | kr. | 6.958 |
| Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 1999 | kr. | 32.240 |
| Gjaldfallin afborgun þann 1. september 1999 | kr. | 113.986 |
| Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2000 | kr. | 34.053 |
| Gjaldfallin afborgun þann 1. september 2000 | kr. | 128.069 |
| Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2001 | kr. | 35.467 |
| Gjaldfallin afborgun þann 1. september 2001 | kr. | 376.468 |
| Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2002 | kr. | 38.524 |
| Gjaldfallin afborgun þann 1. september 2002 | kr. | 348.532 |
| Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2003 | kr. | 39.298 |
| Gjaldfelldar eftirstöðvar þann 28. apríl 2003 | kr. | 4.610.557 |
| Samtals dómkrafa | **kr.** | **5.795.992** |

Hinn 23. júní 1999 voru greiddar kr. 13.160 sem var ráðstafað upp í innheimtukostnað. Þann 19. nóvember 2002 voru greiddar kr. 351.599, af þeirri fjárhæð runnu kr. 271.599 til kröfuhafa en kr. 80.000 var ráðstafað í innheimtukostnað. Að öðru leyti hafa innheimtutilraunir ekki borið árangur og er því málsókn þessi óhjákvæmileg. Stefndi Andrés Eiríksson hefur verið búsettur á Írlandi frá 1. ágúst 1994 og er dvalarstaður hans þarlendis óþekktur. Af þeim sökum er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði með vísan til a liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Lagarök:* Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga og lögum nr. 72/1982, einkum 11. gr. Kröfur um vexti og vaxtavexti styðjast við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 sem og III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti er tóku gildi 1. júlí 2001 en krafa um málskostnað við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og er því nauðsyn á að fá dæmt álag úr hendi gagnaðila sem þeirri fjárhæð nemur.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Greiðsluyfirlit.
4.-39. Skuldabréf.
40. Vottorð Hagstofu Íslands dags. 6. mars 2003.
41. Lögbirtingablað með stefnubirtingu.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með Andrési Eiríkssyni, kt. 311257-6099, með óþekkt lögheimili á Írlandi, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík þann 2. september 2003 kl. 10.00 er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og dóm að þola. Verði ekki mætt af hálfu stefndu má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 23. júní 2003.
F.h. Björns L. Bergssonar hrl.
**Bergþóra Ingólfsdóttir** lögfr.

(7875

**Lánasjóður íslenskra námsmanna,**
**kt. 710169-0989,**
**Höfðaborg, Borgartúni 21,**
**Reykjavík**

gerir kunnugt: Að sjóðurinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Brynhildi Jónsdóttur, kt. 020968-4519, með óþekkt lögheimili í Frakklandi, til greiðslu skuldar samtals að fjárhæð kr. 1.002.093 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 38/2001, frá 19. júlí 2001 til greiðsludags. Þá er og krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól skv. 12. gr. vaxtalaga á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 19. júlí 2002.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk álags er nemi virðisaukaskatti af honum in solidum úr hendi stefnda.

*Málflutningsumboð:* Björn L. Bergsson hrl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu er hún tók hjá stefnanda en þau eru tryggð með sjálfskuldarábyrgð Kolbrúnar Viggósdóttur, kt. 110250-5849. Kolbrúnu var stefnt til greiðslu skuldarinnar með stefnu sem þingfest var þann 18. september 2001, sbr. dskj. nr. 3. Fjárnám á grundvelli áritaðrar stefnu lauk með árangurslausri aðfarargerð þann 12. júní 2002, sbr. dskj. nr. 5.

Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu þriggja skuldabréfa 1991 og eru númer þeirra og upphafleg fjárhæð eftirfarandi: T-177433 kr. 597.247, T-178111 kr. 26.682 og T-190479 kr. 166.240. Að loknu námi stefndu var námsláninu gefið nýtt númer S-940165 hjá stefnanda. Lánið hefur verið í vanskilum allt frá gjalddaga lánsins þann 1. september 1994 og vegna stórfelldra vanefnda var lánið gjaldfellt með ákvörðun stjórnar stefnanda þann 19. júlí 2001.

Stefnda var lýst gjaldþrota þann 20. janúar 1997 og lýsti stefnandi kröfu í búið en skiptum búsins lauk án þess að kröfuhafar fengju úthlutun úr búinu. Kolbrún var lýst gjaldþrota þann 20. janúar 1997. Lýsti stefnandi einnig kröfu í bú hennar en búskiptum lauk án þess að kröfuhafar fengju úthlutun úr búinu samkvæmt 155. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991.

Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og er því málsókn þessi óhjákvæmileg. Stefnda hefur verið skráð í Frakklandi frá 24. maí 1997 og er dvalarstaður hennar þarlendis óþekktur, sbr. dskj. nr. 10. Af þeim sökum er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Lagarök:* Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga og lögum nr. 72/1982, einkum 11. gr. Kröfur um vexti og vaxtavexti styðjast við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 en krafa um málskostnað við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og er því nauðsyn á að fá dæmt álag úr hendi gagnaðila sem þeirri fjárhæð nemur.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Árituð stefna, dags. 12. desember 2001.
4. Greiðslustöðuyfirlit.
5. Árangurslaus fjárnámsgerð, dags. 12. júní 2002.
6. Kröfulýsing í þrotabú, dags. 13. mars 1997.
7-9. Skuldabréf.
10. Vottorð Hagstofu Íslands dags. 7. mars 2003.
11. Lögbirtingablað með stefnubirtingu.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með Brynhildi Jónsdóttur, kt. 020968-4519, með óþekkt lögheimili í Frakklandi, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 2. september 2003, kl. 10.00 er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og dóm að þola. Verði ekki mætt af hálfu stefndu má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 27. maí 2003.
F.h. Björns L. Bergssonar hrl.,
**Eva B. Helgadóttir** hdl.

(7876

**Og Vodafone – Og fjarskipti hf.,**
**kt. 600898-2059,**
**Síðumúla 28,**
**108 Reykjavík**

gjörir kunnugt: að hún þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Þórarni M. Stefánssyni, kt. 011070-4429 nú óstaðsettum í hús, til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 103.369, ásamt dráttarvöxtum frá 5. janúar 2002 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði

dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 103.369, ásamt dráttarvöxtum af kr. 3.287 frá 25. des. 2001 til 25. jan. 2002, af kr. 30.556 frá 25. jan. 2002 til 25. mars 2002, af kr. 67.980 frá 25. mars 2002 til 25. apríl 2002, af kr. 93.375 frá 25. apríl 2002 til 01. júní 2002, af kr. 100.119 frá 1. júní 2002 til 25. júní 2002, af kr. 100.769 frá 25. júní 2002 til 25. júlí 2002, af kr. 101.419 frá 25. júlí 2002 til 02. sept. 2002, af kr. 102.069 frá 2. sept. 2002 til 25. sept. 2002, af kr. 102.719 frá 25. sept. 2002 til 5. nóv. 2002, af kr. 103.369 frá 5. nóv. 2002 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

*Málsatvik og málsástæður:* Skuldin er samkvæmt framlögðum hreyfingarlista stefnanda. Stefnandi rekur símafyrirtæki í Reykjavík, nú undir nafninu Og Vodafone og voru reikningar gerðir í nafni Íslandssíma. Skuld þessi er til komin vegna ógreiddra símreikninga stefnda hjá stefnanda á neðangreindu tímabili. Um eftirfarandi reikninga er að ræða:

| Nr. | Útgáfudagur | Gjalddagi | Fjárhæð kr. |
|---|---|---|---|
| 1. | 25. des. 2001 | 25. des 2001 | 3.287 |
| 2. | 25. jan. 2002 | 25. jan. 2002 | 27.269 |
| 3. | 25. mars 2002 | 25. mars 2002 | 37.424 |
| 4. | 25. apríl 2002 | 25. apríl 2002 | 25.395 |
| 5. | 1. júní 2002 | 1. júní 2002 | 6.744 |
| 6. | 25. júní 2002 | 25. júní 2002 | 650 |
| 7. | 25. júlí 2002 | 25. júlí 2002 | 650 |
| 8. | 2. sept. 2002 | 2. sept. 2002 | 650 |
| 9. | 25. sept. 2002 | 25. sept. 2002 | 650 |
| 10. | 5. nóv. 2002 | 5. nóv. 2002 | 650 |

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 103.369 sem er stefnufjárhæð málsins ásamt dráttarvöxtum og kostnaði. Umsaminn gjalddagi er tilgreindur og miðast dráttarvaxtakrafa í dómkröfu við það tímamark. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndi er samkvæmt upplýsingum þjóðskrár ekki með skráð lögheimili, þ.e. óstaðsettur í hús og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

*Lagatilvísanir:* Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum vegna vaxta til og með 30. júní 2001, en III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 vegna vaxta frá 1. júli 2001 til greiðsludags. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga númer 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð gögn.
3. Hreyfingalista viðskiptamanns.
4. Innheimtubréf lögmanns stefnanda.
5. Útskrift úr Þjóðskrá.
6. Útprentun úr Lögbirtingablaði er stefna þessi birtist í.

*Áskorun og viðvörun:* Fyrir því stefnist hér með Þórarni M. Stefánssyni, kt. 011070-4429 til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómhúsi héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, dómssal 102, þann 25. september 2003, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 20. júní 2003.
F.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
**Guðmundína Ragnarsdóttir** hdl.

(8411

**Dómsstjóri héraðsdóms Vestfjarða, Erlingur Sigtryggsson**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Arnar G. Hinriksson hdl., Silfurtorgi 1, Ísafirði, skiptastjóri dánarbús Arnbjargar Guðlaugsdóttur, kt. 170630-2119, sem síðast bjó að Mýrum 13, Patreksfirði, og sat í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, Harald Aðalsteinsson, að hann þurfi fyrir hönd dánarbúsins að höfða mál fyrir héraðsdómi Vestfjarða til ógildingar á neðangreindu tryggingarbréfi.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi tryggingarbréf að fjárhæð gkr. 3.524.040, útgefið af Haraldi Aðalsteinssyni, nnr. 3761-3789, Mýrum 13, Patreksfirði, þann 16. apríl 1980 og tryggt með 6. veðrétti og uppfærslurétti, næst á eftir áhvílandi veðskuldum, í fasteigninni Mýrar 13, Patreksfirði. Veðsetningin var til að tryggja fulla greiðslu 10 víxla, sem útgefnir voru sama dag og samþykktir af Haraldi til greiðslu á eftirtöldum gjalddögum að fjárhæð: kr. 313.260, gjalddagi 16. maí 1980, kr. 321.960, gjalddagi 16. júní 1980, kr. 330.600, gjalddagi 16. júlí 1980, kr. 339.360, gjalddagi 16. ágúst 1980, kr. 348.060, gjalddagi 16. sept. 1980, kr. 356.760, gjalddagi 16. okt. 1980, kr. 365.460, gjalddagi 16. nóv. 1980, kr. 374.160, gjalddagi 16. des. 1980, kr. 382.860, gjalddagi 16. jan. 1981 og kr. 391.560, gjalddagi 16. feb. 1981. Stefnandi krefst þess líkt og fram kemur hér að framan að framangreint tryggingarbréf verði ógilt með dómi.

*Málsástæður og önnur atvik:* Stefnandi kveður kröfu skv. framangreindu tryggingarbréfi ekki hafa verið lýst við innköllun krafna í dánarbúið. Engar vísbendingar um tilvist slíkrar kröfu hafi verið að finna í gögnum dánarbúsins og telja verði víst að þær kröfur, ef einhverjar eru enn ógreiddar, séu nú fyrndar. Veðið, fasteignin Mýrar 13, sem hafi verið eign dánarbús Arnbjargar Guðlaugsdóttur, hafi verið selt á nauðungaruppboði 3. október 2002. Við nauðungarsöluna hafi sýslumanninum á Patreksfirði engin kröfulýsing borist vegna framangreinds tryggingarbréfs og engar upplýsingar um hver kynni að vera handhafi þess. Þó hafi sýslumanni borist upplýsingar um að víxlarnir hafi verið í innheimtu hjá Samvinnubanka Íslands á Patreksfirði á sínum tíma. Við nauðungarsöluna hafi söluverðið hrokkið rúmlega til greiðslu lýstra krafna. Skv. 5. mgr. 50. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu beri sýslumanni að gera ráð fyrir greiðslu kröfu í frumvarpi til úthlutunar söluverðs, ef kröfunni yrði lýst síðar. Stefnandi kveðst því telja nauðsynlegt að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi eða að réttur handhafi þess gefi sig fram til þess að unnt sé að ljúka úthlutun á söluverði framangfreindrar fasteignar og síðan skiptum á dánarbúi Arnbjargar svo fljótt sem verða mál.

*Lagarök:* Um lagarök vísar stefnandi til XVIII. kafla laga nr. 91/1991, einkum 120. og 121. gr.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Eintak Lögbirtingablaðs sem stefna birtist í.
4. Ljósrit ofangreinds tryggingarbréfs.
5. Ljósrit bréfs sýslumannsins á Patreksfirði til skiptastjóra dags. 26. nóvember 2002.

*Fyrirkall*: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint tryggingarbréf undir höndum eða telur til réttinda yfir því að mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Vestfjarða, sem háð verður í skrifstofu sýslumannsins á Patreksfirði að Aðalstræti 92, Patreksfirði, miðvikudaginn 10. september nk. kl. 14.00, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfsins. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Ísafirði, 6. júlí 2003.
**Erlingur Sigtryggsson.**

(9063

# Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 2. júlí 2003, voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúunum.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Fjölskylduhúsið Flókagötu 5 ehf., kt. 570197-3129, Reykjavík | 18. des. 2002 | miðvikudaginn 15. okt. 2003 kl. 13.00 |

(9057 a

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Vestfirðingur ehf., kl. 520398-2289, Skólavörðustíg 17a. Reykjavík | 17. júlí 2002 | miðvikudaginn 15. okt. 2003 kl. 14.00 |

(9058 a

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Laufey Anna Guðmundsdóttir, kt. 080772-3869, Grundartanga 16, Mosfellsbæ | 9. apríl 2003 | miðvikudaginn 15. okt. 2003 kl. 15.00 |

(9059 a

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Baza ehf., kt. 701096-3129, Langarima 21-23, Reykjavík | 28. mars 2003 | miðvikudaginn 15. okt. 2003 kl. 16.00 |

(9060 a

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindum þrotabúum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skeifunni 11a, 108 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna, verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Skeifunni 11a, Reykjavík á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum verður skiptum lokið á skiptafundunum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá yfir lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 8. júlí 2003.
**Margrét Vala Kristjánsdóttir** hdl.,
skiptastjóri.

Eftirtaldar sparisjóðsbækur við Íslandsbanka hf. eru taldar glataðar:

| | |
|---|---|
| Nr. 200028 | Eiðistorgi 17, Seltjarnarn. |
| – 433954-67310-457422-427352 | Lækjargata 12, Reykjavík |
| – 8181 | Kirkjusandi 2, Reykjavík |
| – 22448-21587 | Laugavegi 116, Reykjavík |
| – 20044 | Skútuvogi 11, Reykjavík |

| | | |
|---|---|---|
| – | 293013-11148-13554-22169-26255 | Þarabakka 3, Reykjavík |
| – | 390112-390097-390086 | Hafnarg. 60, Reykjanesbæ |
| – | 24449 | Fjarðargötu 19, Hafnarfirði |
| – | 22948-62819-63111-210005 | Smiðjuvegi 1, Kópavogi |
| – | 16032 | Hrísalundi, Akureyri |
| – | 44199-41856-35307-13878-42721 | Kirkjuvegi 23, Vestm.eyj. |

